


# BRÝNID



3. árg. 4. tbl. Fréttablað félags áhugamanna um trúskurð jan. 1998

## AFSLÆTTIR

Húsasmíðjan	10%
Skútuvogi	
Efnagerð Laugarness	15%
Smiðjuvegi 28C græn gata	
Sími: 567-0150	
Efnasalan	10%
Smiðjuvegi 9 gul gata	
Sími: 554-5400	
Ásborg	10%
Smiðjuvegi 11 gul gata	
Sími: 564-1212	
Ingþór Haraldsson hf.	10%
Hamraborg 7 að norðan	
Sími: 554-4844	
Sögin hf.	10%
Höfðatúni 2	
Sími: 552-1884	
Smíðabær	10%
Skærtingur M. Baldusson	
Sími: 567-6588	
Verzlunin Brynja	10%
Laugavegi 28	
Sími: 552-4320	
Hurðaiðjan	5%
Kársnesbraut 98	
BYKO	12%
<i>Hjá BYKO er félagið skráð sem viðskiptaaðili og þarf að gefa upp kennitölu þess áður en reikningurinn er gerður til að fá pennan afslátt.</i>	

## Ian Norbury.

Í september síðastliðnum kom til landsins Ian Norbury ásamt konu sinni, Betty Norbury. Ian er einn fremsti trúskurðarmeistari í heimi og er því mikill heiður fyrir okkur að hafa fengið hann til okkar. Hann hélt tvö námskeið, sem tókust mjög vel. Verkin sem nemendurnir tóku voru styttrur og brjóstmyndir, en það er sú grein sem Ian sérhæfir sig í.

Milli námskeiða skoðuðu Ian og frú áhuga-verða staði á suðvesturlandi.

Í lok heimsóknarinnar hélt Ian skyggnumyndasýningu í Víkingasal Hótels Loftleiða. Var hún vel sótt, og fólk mjög ánægt með fróðleik Ians Norbury. Voru hjónin mjög ánægð með dvöl sína hér á landi.

Að lokum viljum við þakka Sveini Guðbjartssyni alla þá aðstoð sem hann veitti.

Fyrir hönd stjórnar,  
Jón Adolf Steinólfsson.

## Námskeið í myndskurði.

Vegna fjölda fyrirspurna sem félaginu bárust sagði Brýnid í síðasta tölublaði frá nokkrum félagsmönnum, sem staðið hafa fyrir námskeiðum og tilsgn í myndskurði.

Eftirtaldir félagsmenn gleymdust þá og eru þeir beðnir velvirdingar á því, en þeir eru:

Matthias Andrésson s: 5542296 sem kennir hjá kvöldskóla Kópavogs, og Ólafur Eggertsson frá Berunesi s: 4788988, sem er með námskeið á austurlandi, og viðar.

Gott væri að fá upplýsingar um aðra félagsmenn sem standa fyrir námskeiðum og tilsgn t.d. á norður og vesturlandi, svo við getum sagt frá þeim í blaðinu.

## Frá sýningarnefnd.

Hin árlega vorsýning félagsins mun verða í byrjun júní, á næsta ári, í húsnæði Skógræktar Ríkisins, Skógarhlíð 38, eins og síðast.

Við viljum hvetja félasmenn til að taka þátt í henni.

Að þessu sinni verður sú breyting á, að verkin skulu vera eigin hugmynd og ekki hafa verið sýnd áður.

Tilkynna skal um þátttöku mánuði fyrir sýningu. Í ráði er að gefa út sýningarskrá með upplýsingum um nám og störf sýnenda, og eru væntanlegir sýnendur beðnir um að koma þeim upplýsingum til eftirlinna nefndarmanna:

Örn Sigurðsson	s.v: 5512517
Bjarni Þór	s: 5684654
Halldór Vilhelmsson	s: 5656122

## Gagnabankinn.

Vegna fjölda áskoranna hefur félagið ákvæðið að koma upp gagnabanka með munstrum og teikningum, sem félagar geta fengið og nýtt sér.

Til þess að af þessu geti orðið viljum við biðja sem flesta félagsmenn að senda okkur teikningar eina eða fleiri, til þess að hafa safnið sem fjölbreytilegast.

Ekki má nota skólateikningar, og ef fólk veit um höfunda láta þá nöfn þeirra fylgja með svo að allt fari rétt fram.

Upplýsingar hjá eftirtöldum:

Stefán	s: 5666235 eða 8995190
	eftir kl. 18.00
Bjarni Þór	s: 5684654
Jón Adolf	s: 5540178

Styrktaraðilar okkar eru :

# BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

## SAMSKIP

### Aðalfundur Félags áhugamanna um tréskurð.

Þriðji aðalfundur félagsins var haldinn 16 september s.l. á Hótel Loftleiðum. Fundurinn var mjög fjölmennur og hófst á myndasýningu Ian Norbury. Gerður var góður rómur að hinum frábæra listskurði hans. Að myndasýningu lokinni var gengið til hefðbundinna aðalfundarstarfa.

Evert setti fundinn og var Vilhjálmur kjörinn fundarritari en Halldór Kr. fundarstjóri. Fundargerð slðasta aðalfundar hafði orðið viðskila við fundarritara og var lestri hennar frestað til næsta fundar.

Evert las upp skýrslu stjórnar. Fram kom m.a. að verkefni stjórnar hafi verið fjölbætt og margir stjórnarfundir haldnir. Fjögur fréttabréf komu út á starfsárinu. Sýningar félagsins urðu tvær og var aðsókn að þeim mjög góð. Að tilstuðlan félagsins tók lónskólinn í Reykjavík upp kennslu í myndskurði s.l. veturn undir leiðsögn Sveins Ólafssonar myndskera.

Félagsskírteini voru gefin út. Félagið stóð fyrir gönguferð um miðbæ Reykjavíkur í maí s.l. Stórvirki félagsins á árinu var að fá Ian Norbury hingað til lands að halda námskeið fyrir félagsmenn. Samskip og Búnaðarbanksi Íslands, Kópavogi styrktu komu hans.

Jón Adolf á heiður skilinn fyrir það mikla starf sem hann hefur lagt fram fyrir félagið með að skipuleggja komu hans og hafa umsjón með námskeiðunum. Voru Jóni Adolf og konu hans Margréti þökkuð frábær störf þeirra, og risu fundarmenn úr sætum og gáfu þeim gott klapp til að sýna þeim þakklæti. Lagðir voru fram ársreikningar félagsins. Sveinbjörn gerði grein fyrir þeim og voru þeir samþykkir samhljóða. Engar athugasemdir komu fram um að félagsgjald yrði óbreytt fyrir næsta starfsár.

Stjórn félagsins var endurkjörin óbreytt með miklu lófaklappi. Undir liðnum önnur mál fór fram umræða um m.a. höggmyndalist, tréskurðarlist, verkefni sýningarnefndar og lagt fram bréf frá Hannesi Flosasyni o.fl. en ekki er hér rúm til að gera frekari grein fyrir umræðunum.

Vilhjálmur Siggeirsson ritari stjórnar.

### Kæru félagar.

Nokkuð hefur dregist að koma fréttabréfinu út að þessu sinni, og er beðist velvirðingar á því.

Meðfylgjandi blaðinu eru gíróseðlar fyrir félagsgjaldið 97-98 og er það von okkar að félagsmenn bregðist vel við og greiði þá fljótlega.

Fyrir þá sem áhuga hafa á, að gerast áskrifendur af bandaríksa blaðinu Chip Chats sem kemur út sex sinum á ári og kostar \$ 14.00 ca. Isl. kr. 980.00. Eða því enska Woodcarver sem líka kemur út sex sinum á ári og kostar GBP. 20.00 ca. Isl. kr. 2.400.00 Læt ég hér fylgia með heimilisfang þeirra. Sækja þarf um ávlsun í banka, í viðkomandi mynt og senda til þeirra.

National Wood Carvers Association,  
7424 Miami Ave,  
Cincinnati, OH 45243,  
U.S.A.

G.M.C. Publications Ltd.,  
166 High Street, Lewes,  
East Sussex,  
BN7 1XU,  
England.

Þið getið hringt eða komið til míni og ég hjálpa ykkur til að koma þessu í kring.

Evert Kr. Evertsson.



Mikið úrval af þýskum gæðajárnunum  
nýkomin á lager, hvergi lægri verð.

**BRÝNIÐ**

Brýnið fréttablað áhugamanna um  
Tréskurð  
Pósthólf 409  
202 Kópavogur

Ábyrgðarmaður  
Ritstjórm:

Evert Evertson  
Stefán Haukur Erlingsson  
Jón Adolf Steinólfsson  
Friðgeir Guðmundsson

3. árg. 4. tbl.  
**BRÝNIÐ**

Fréttablað félags áhugamanna  
um tréskurð  
Pósthólf 409  
202 Kópavogur

Sigurjón Gunnarsson  
Asparfell 12,

111 REYKJAVÍK-11

